



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**533. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 20. desember 2021
og hófst hann kl. 12:30.**

Fundinn sátu:

Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Skilavegir - yfirfærsla vega til sveitarfélaga - 1910012

Áframhaldandi umræða um skilavegi og fjármagn til reksturs og viðhalds þeirra.

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins og fer yfir efni umsagnar SSH um frumvarp til fjárlaga. Þess má vænta að áframhaldandi umræða fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga 2022 leiði í ljós hvort tekið verði undir sjónarmið SSH hvað varðar skilavegi en álit nefndarinnar verður birt á vefsíðu Alþingis á næstunni. Farið var yfir stöðu samningsviðræðna einstakra sveitarfélaga hvað varðar skilavegi en brýnt er að gengið verði svo frá málum að ekki verði þjónustufall gagnvart umræddum vegum um áramót.

Gestir

Sigurður Haraldsson

Birgir Björn Sigurjónsson

Eysteinn Haraldsson

Jóhanna Björg Hansen

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

2. SRN Almenningsamgöngur-enduskoðun samkomulags frá 07.05.2012-2034 - 2109004

Fyrirliggjandi er umsögn SSH um frumvarp til fjárlaga 2022, sem send var hinn 13. desember sl. Þar er m.a. fjallað um framlag ríkisins til eflingar almenningssamgangna og mikilvægi þess að fjárframlög séu tryggð í fjárlögum 2022. Framkvæmdastjóri er, ásamt öðrum fulltrúum SSH, í starfshópi sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að endurskoðuðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og kynnir stöðu verkefnisins, þá vinnu sem hefur farið fram og ferlið framundan.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Eysteinn Haraldsson

Sigurður Haraldsson

Birgir Björn Sigurjónsson

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026